

**Samstarfssamningur  
um heilbrigðiseftirlit  
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis**

Með vísan til 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir gera Bessastaðahreppur, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður og Kópavogsbær með sér svofelldan samstarfssamning um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits.

**1. kafli**

**Aðild, aðsetur og tilgangur**

1. gr.

Aðild að samstarfssamningi þessum eiga:

Bessastaðahreppur	Garðabær
Hafnarfjarðarkaupstaður	Kópavogsbær

2. gr.

Tilgangur samnings þessa er að marka umgjörð um rekstur heilbrigðiseftirlits fyrir aðildarsveitarfélögin. Með heilbrigðiseftirliti er átt við öll þau verkefni, sem heilbrigðisnefndum eru falin samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Aðsetur heilbrigðiseftirlitsins verður í Garðabæ.

3. gr.

Rekstur heilbrigðiseftirlits samkvæmt samningi þessum hefst 1. janúar 1999. Þá skal eftirlitið hafa yfir að ráða fullnægjandi aðstöðu og mannafla.

## 2. kafli

### Framlagsfé

#### 4. gr.

Aðildarsveitarfélögin greiða framlagsfé til heilbrigðiseftirlitsins þannig:  
Stofnframlag samkvæmt 5. gr.  
Rekstrarfé samkvæmt 11. gr.

#### 5. gr.

Stofnframlag til heilbrigðiseftirlitsins eru eignir þær og búnaður, sem tilheyrir hafa heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarumdæmis annars vegar og heilbrigðiseftirliti Kópavogsumdæmis hins vegar og lagðar verða til hins nýja heilbrigðiseftirlits, er samningur þessi tekur til.

## 3. kafli

### Stjórnskipulag

#### 6. gr.

Heilbrigðisnefnd er kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar og er kjörtímabil hennar hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar. Í henni skulu eiga sæti fimm menn, kosnum af eftirtöldum sveitarstjórnnum:

Garðabær	1 fulltrúi
Hafnarfjarðarkaupstaður	2 fulltrúar
Kópavogsbær	2 fulltrúar

Áheyrnarfulltrúi náttúruverndarnefnda sveitarfélaganna, sbr. 11. gr. laga nr. 7/1998, skal tilnefndur af sveitarstjórn Bessastaðahrepps. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér verkum og ræður meiri hluti atkvæða afgreiðslu mála. Formaður og varaformaður nefndarinnar skulu kosnir til tveggja ára í senn. Tilnefning formanns og varaformanns skal skiptast milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Kópavogsbæjar, og skal formaður fyrst koma frá Hafnarfjarðarkaupstað og varaformaður frá Kópavogsbæ. Forfallist formaður eða varaformaður varanlega á kjörtímabili, skulu sömu sveitarfélög tilnefna fulltrúa í þeirra stöður.

#### 7. gr.

Heilbrigðisnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Heimilt er þó að fella niður fundi á sumarleyfistíma. Formaður

heilbrigðisnefndar boðar til funda og stýrir þeim. Um boðun funda og rétt til fundarsetu fer eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 7/1998.

Fundargerðir heilbrigðisnefndar skulu sendar þeim sveitarstjórnnum, sem aðild eiga að samningi þessum.

#### 8. gr.

Hlutverk heilbrigðisnefndar er:

1. að framfylgja ákvæðum laga nr. 7/1998 og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaganna og öðrum þeim verkefnum, sem nefndinni kunna að vera falin;
2. að semja fjárhagsáætlun fyrir næsta reikningsár, sem er almanaksárið, sbr. ákvæði 12. gr. laga nr. 7/1998;
3. að sjá um, að ársskýrsla og ársreikningur heilbrigðiseftirlitsins, fullgerður, endurskoðaður og áritaður, séu send aðildarsveitarfélögum til umfjöllunar fyrir 1. maí ár hvert;
4. að ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins og ákveða ráðningarkjör þeirra í samræmi við og á grundvelli kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ennfremur að ákvarða starfsskipulag og erindisbréf fyrir starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins, veita prókúruumboð og skera úr um ágreining, sem upp kann að koma milli framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna;
5. að gera tillögur til aðildarsveitarfélaga um þau framtíðarmarkmið heilbrigðiseftirlits, sem stefnt er að á hverjum tíma;
6. að gera tillögu að gjaldskrá fyrir þjónustu heilbrigðiseftirlitsins, sbr. 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998;
7. að gera tillögu að samþykktum um heilbrigðiseftirlit í aðildarsveitarfélögum og breytingar á þeim, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998.

#### 9. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur heilbrigðiseftirlitsins, og skal hann í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og þeim fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd hefur gefið. Hann skal einnig gefa heilbrigðisnefnd og endurskoðendum allar þær upplýsingar um reksturinn, sem þau kunna að óska eftir. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar og mikilsháttar. Slík mál skulu tekin fyrir í heilbrigðisnefnd.

Framkvæmdastjóri skal sjá um, að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og viðurkenndar venjur og að meðferð eigna eftirlitsins sé með tryggilegum hætti.

## 4. kafli

### Fjármál og rekstur

#### 10. gr.

Tekjur heilbrigðiseftirlitsins eru sem hér segir:

- Framlög aðildarsveitarfélaga.
- Sérstök gjöld samkvæmt gjaldskrá, sem byggðar eru á ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998.

Með fjárhagsáætlun, sbr. 2. tl. 8. gr., lætur heilbrigðisnefnd aðildarsveitarfélögum í té lista yfir eftirlitsskylda starfsemi í hverju sveitarfélagi. Hverri sveitarstjórn er heimilt að leggja á og innheimta eftirlitsgjöld, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998. Mögulegar tekjur sveitarfélaga samkvæmt hámarksgjaldskrá útgefinni af umhverfissráðherra skulu renna til heilbrigðiseftirlitsins og færðar sem sameiginlegar tekjur sveitarfélaganna í fjárhagsáætlun hvers árs. Ákveði sveitarstjórn að leggja á og innheimta lægri eftirlitsgjöld en heimil eru samkvæmt hámarksgjaldskrá útgefinni af umhverfissráðherra, greiðir hlutaðeigandi sveitarstjórn þann mismun, sem þar er á. Það sem enn vantar á að eftirlitsgjöld samkvæmt hámarksgjaldskrá nægi fyrir útgjöldum heilbrigðiseftirlitsins skal jafnað milli aðildarsveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda þeirra 1. desember næstliðins árs, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998.

#### 11. gr.

Fjárhagsáætlun skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn heilbrigðiseftirlitsins á fjárhagsárinu, og má ekki stofna til útgjalda eða greiða fé úr sjóði heilbrigðiseftirlitsins, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af öllum aðildarsveitarfélögum.

Fjárhagsáætlun skal skipta í rekstrar- og eignabreytingaáætlun. Í rekstraráætlun skulu tilgreindar rekstrartekjur og rekstrargjöld. Í eignabreytingaáætlun skulu tilgreindar allar áætlaðar eignabreytingar, svo sem fjárfesting og kaup og sala eigna. Fjárhagsáætlun skal senda aðildarsveitarfélögum til umfjöllunar eigi síðar en 1. október ár hvert, og skal hun lögð til grundvallar um rekstur heilbrigðiseftirlitsins, þegar áætlunin hefur verið samþykkt af öllum aðildarsveitarfélögum.

#### 12. gr.

Sveitarstjórn getur óskað eftir fundi með heilbrigðisnefnd til þess að ræða rekstur og starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Komi fram slík ósk, skal orðið við henni innan tveggja vikna.

## 5. kafli

### Endurskoðun samnings og gildistaka

13. gr.

Samning þennan skal endurskoða innan 10 ára frá undirritun hans með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hans og breyttum aðstæðum. Jafnframt skal endurskoða samninginn, ef eitthvert aðildarsveitarfélag óskar þess. Breytingar á samningi þessum öðlast gildi, ef 2/3 hlutar aðildarsveitarfélaga samþykkir þær.

14. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 1999.

## 6. kafli


### Ákvæði til bráðabirgða

Formaður stjórnar skal tilnefndur af Hafnarfjarðarbæ á fyrsta fundi nefndarinnar.

Garðabæ, 22. febrúar 1999.

  
Fh. Bessastaðahrepps

  
Fh. Hafnarfjarðarkaupstaðar

  
Fh. Garðabæjar

  
Fh. Kópavogsbæjar